




ÚTGAFA

Í ritinu *Vistgerðir á Íslandi*, er birt heildstætt yfirlit og lýsing á vistgerðum landsins, útbreiðslu þeirra, stærð og verndargildi. Með ritinu birtir Náttúrufræðistofnun Íslands yfirlit yfir flokkun vistgerða sem á

sér fyrirmynd í samræmdri og viðurkenndri flokkun á vistgerðum í Evrópu. Hverri vistgerð er lýst á staðreyndasíðu, sem er lykill að einkennum hennar, útbreiðslu og verndargildi. Þar er birt einfalt kort sem sýnir útbreiðslu vistgerðarinnar á landinu.



Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands, www.ni.is, er einnig birt yfirlit yfir vistgerðir á Íslandi. Í kortasjá á vefnum er að finna nákvæmari vistgerðakort. Landupplýsingagögn vistgerða eru aðgengileg í niðurhalsþjónustu.

NÝJUNGAR


Með innleiðingu vistgerðaflokkunar og kortlagningar lífandi náttúru á landi, í vatni og fjörum er tekin upp ný aðferðafræði hér á landi.

Lögð er fram í fyrsta sinn heildarflokkun á vistgerðum landsins og birt kort er sýnir útbreiðslu þeirra og stærð.

Vistgerðaflokkun byggir á gróður-einkennum en lýsir einnig dýralífi og umhverfisþáttum með nýjum hætti. Flokkunin er mun yfirgrípsmeiri en eldri flokkanir á náttúrufari. Dæmi um það er ítarlegri greining á graslendi, strandlendi, eyðilendi og jarðhitasvæðum.

Vistgerðir á Íslandi eru bornar saman við vistgerðir í Evrópu. Hér á landi er fjöldi vistgerða sem ekki finnast annars staðar í Evrópu eða njóta sérstakrar verndar þar.

Niðurstöður vistgerðaflokkunarinnar veita nýja sýn á náttúrufar landsins og leggja mikilvægan grunn að náttúrvernd og sjálfbærri landnýtingu til framtíðar.



Ljósmyndir: Ásrún Elmarsdóttir, Guðmundur Guðjónsson, Sigmundur Metúsalemsson og Sigríður Kristinsdóttir
Kort: Hans H. Hansen
Umbrot: María Harðardóttir
Prentun: Prentsmiðjan Oddi
© Náttúrufræðistofnun Íslands 2017



SÉRSTAÐA

Á Íslandi hefur 105 vistgerðum verið lýst, af þeim eru 64 á landi, 17 í ám og vötnum og 24 í fjöru. Flokkunin á sér fyrirmynd í viðurkenndu evrópsku flokkunarkerfi (e. EUNIS classification system for habitat types). Tæplega þriðjungu íslenskra vistgerða hefur ekki verið lýst áður í Evrópu, en hér á landi eru aðstæður um margt ólíkar, einkum vegna mikillar eldvirkni og stórra jökla. Þannig eru lagðar fram tillögur að 33 nýjum vistgerðum.

HAGNÝTT GILDI

Árið 2016 lauk Náttúrufræðistofnun Íslands við að skilgreina, lýsa, flokka og kortleggja vistgerðir á þurrlandi, í fersku vatni og fjöru á Íslandi. Með því er lagður nýr grunnur að vernd náttúrunnar og sjálfbærri nýtingu hennar.

Innleiðing vistgerða auðveldar vöktun á náttúru landsins og að fylgjast með breytingum á landi, m.a. vegna loftslags. Vistgerðakort þurfa að vera í stöðugri endurskoðun því náttúran er sífelld að breytast; jöklar hropa, land grær upp eða rofnar, eldfjöll gjósa og hraun renna, ár breyta um farvegi, skógar eru ræktaðir, land brotið til ræktunar eða lagt undir þéttbýli og vegi.

Upplýsingar um vistgerðir landsins verða öllum aðgengilegar og munu nýtast stjórnvöldum, sveitarfélögum, atvinnulífi og almenningi.



Ein sérstæðasta vistgerð á landi er gulstararfitjavist. Hún finnst á sléttum flæðilöndum við sjó sem vaxin eru gróskumikilli gulstör og fleiri votlendistegundum. Vistgerðin er mjög fágæt og finnst aðeins á nokkrum svæðum, einkum í Önundarfirði, Kaldalóni, við Eyjafjarðará, í Álftafirði, Hornafirði, við Ölfusárósa

og Faxaflóa. Fuglalíf í vistgerðinni er ríkulegt og er hún mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir andfugla og vaðfugla. Verndargildi vistgerðarinnar er mjög hátt.

Vistgerð

„Svæði sem einkennist af ákveðnum samfélögum plantna og dýra þar sem umhverfisþættir, svo sem loftslag, jarðvegur og raki, eru svipaðir“ (European Environment Agency).

„Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður og dýralíf, jarðveg og loftslag“ (Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, 5. gr.).

EUNIS-flokkunarkerfið

er samevrópskt, heildstætt flokkunarkerfi fyrir vistgerðir, m.a. ætlað til að samræma lýsingu vistgerða í álfunni og auðveldla söfnun gagna. Flokkunin er stigskipt og nær yfir allar vistgerðir frá náttúrulegum til manngerðra og til vistgerða á landi, í ferskvatni og sjó.

Vistgerðir jarðhitasvæða eru fjórar og allar nýjar fyrir Evrópu. Mýrahveravist einkennist af gróskumiklu deig- og mýrlendi við heitar uppsprettur, volgrur, laugar og vatnshveri. Hún finnst á jarðhitasvæðum á láglandi í öllum landshlutum. Verndargildi hennar er mjög hátt.

Af 17 vistgerðum í ferskvatni eru 10 sem hafa ekki áður verið skilgreindar í Evrópu. Það undirstrikar sérstöðu Íslands hvað varðar vatnafar. Jökulvötn eru mest að flatarmáli, eða um fjórðungur allra vatna landsins, en næst þeim koma tegundarík kransþörungavötn og gróðurlítil hálandisvötn.

Súr vötn eru sérstæðasta vistgerð ferskvatns, en henni hefur ekki verið lýst áður í evrópska flokkunarkerfinu. Um er að ræða gígötn með hveravirkni í botni sem veldur því að vatnið verður mjög súrt. Á Íslandi eru aðeins þekkt tvö súr vötn, Grænavatn og Víti.

Flestar íslenskar fjörugerðir eiga sér samsvörun annars staðar í Evrópu. Það eru hins vegar þrjár fjöruvistgerðir sem hefur einungis verið lýst hér á landi og eru því nýjar fyrir flokkunarkerfið; brimasamar hnulungafjörur, skúfþangsfjörur og kræklinga- og sölvaoseyrar.

